



Norræna  
ráðherranefndin

# Norræn samstarfsáætlun á sviði dómsmála 2023-2024



# Efnisyfirlit

<b>1. Formáli</b>	<b>3</b>
<b>2. Inngangur</b>	<b>6</b>
<b>3. Áherslusvið</b>	<b>8</b>
<b>4. Samstarf um mál tengd ESB/EES og við aðra alþjóðlega aðila</b>	<b>11</b>
<b>5. Fyrirkomulag samstarfsins</b>	<b>12</b>
<b>6. Mat á samstarfsáætluninni</b>	<b>16</b>
<b>Um ritið</b>	<b>17</b>

Þetta rit er einnig fánlegt á netinu í vefaðgengilegri útgáfu:  
<https://pub.norden.org/politknord2023-704>

# 1. Formáli

Með samstarfinu á sviði dómsmála er keppt að því að uppfylla markmið forsætisráðherra norrænu landanna þess efnis að Norðurlönd verði sjálfbærasta og samþættasta svæði í heimi árið 2030 (Framtíðarsýn okkar 2030).

Löggjafarsamstarfið á að stuðla að sameiginlegum grundvallarreglum í löggjöf norrænu landanna í samhljómi við almenn norræn gildi. Samstarfið er einnig mikilvægur liður í evrópsku löggjafarsamstarfi og við innleiðingu ESB/EES-gerða og annarra alþjóðlegra skuldbindinga.

Í samstarfinu er sérstök áhersla lögð á að styðja við lýðræði og réttaröryggi, samræmi í norrænni réttarframkvæmd og norrænt notagildi ásamt því að fyrirbyggja brotastarfsemi. Samstarfið leggur einkum sitt af mörkum til þess stefnumarkandi áherslusviðs er varðar félagslega sjálfbær Norðurlönd í Framtíðarsýn okkar 2030 en einnig til áherslusviðsins er varðar samkeppnishæf Norðurlönd.

## Markmiðin 12

**GRÆN NORÐURLÖND. Saman ætlum við að greiða fyrir grænum umskiptum í samfélögum okkar og vinna að kolefnishlutleysi og sjálfbæru hringrásarhagkerfi og lífhagkerfi.**

**Á árunum 2021–2024 mun Norræna ráðherranefndin:**

1. efla rannsóknir, þróun og framgang lausna sem stuðla að kolefnishlutleysi og aðlögun að loftslagsbreytingum, t.a.m. í samgöngum, byggingum, matvælum og orkumálum;
2. eiga þátt í að tryggja líffræðilega fjölbreytni og sjálfbæra nýtingu lands og sjávar á Norðurlöndum;
3. efla hringrásar- og lífhagkerfi, sjálfbæra og samkeppnishæfa framleiðslu, sjálfbær matvælakerfi og auðlindanýtnar og óeittraðar hringrásir á Norðurlöndum;
4. auðvelda norrænum neytendum og gera það eftirsóknarvert að velja hollar, vistvænar og loftslagsvænar vörur með sameiginlegum aðgerðum um sjálfbæra neyslu;

5. stuðla að jákvæðri þróun í alþjóðasamstarfi um umhverfis- og loftslagsmál, t.a.m. með því að liðka fyrir norrænum grænum lausnum víðar um heim.

**SAMKEPPNISHÆF NORÐURLÖND. *Saman ætlum við að efla grænan hagvöxt á Norðurlöndum sem byggist á þekkingu, nýsköpun, hreyfanleika og stafrænni samþættingu.***

**Á árunum 2021–2024 mun Norræna ráðherranefndin:**

6. styðja þekkingu og nýsköpun og auðvelda fyrirtækjum á öllum Norðurlöndum að nýta til fulls þá þróunarmöguleika sem felast í grænum, tæknilegum og stafrænum umskiptum og hinu vaxandi lífhagkerfi;
7. þróa færni og öfluga vinnuþætti sem standast kröfur grænna umskipta og stafrænnar þróunar og sem styðja frjálsa för á Norðurlöndum;
8. nýta stafræn umskipti og menntun til að færa Norðurlöndin nær hvert öðru.

**FÉLAGSLEGA SJÁLFBÆR NORÐURLÖND. *Saman ætlum við að stuðla að samfelldu inngildandi svæði þar sem jafnrétti ríkir og sem byggist á sameiginlegum gildum og enn öflugri menningarsamskiptum og velferð.***


**Á árunum 2021–2024 mun Norræna ráðherranefndin:**

9. stuðla að gæðum, jafnræði og öryggi í heilbrigðis- og velferðarþjónustu fyrir alla;
10. beita sér fyrir því að allur almenningur á Norðurlöndum taki þátt í grænum umskiptum og stafrænni þróun, nýta sóknarfæri umskiptanna og vinna gegn því að umskiptin auki ójöfnuð í samfélaginu;
11. veita borgaralegu samfélagi á Norðurlöndum, einkum börnum og ungu fólki, sterkari rödd og aðild að norrænu samstarfi, einnig að auka þekkingu þeirra á tungumálum og menningu frændþjóðanna;
12. viðhalda trausti og samheldni á Norðurlöndum, sameiginlegum gildum og norrænu samfélagi með áherslu á menningu, lýðræði, jafnrétti, inngildingum, jafnræði og tjáningarfrelsi.

# Framtíðarsýn okkar 2030

## Samkeppnishæf Norðurlönd

Saman ætlum við að efla grænan hagvöxt á Norðurlöndum, byggðan á þekkingu, nýsköpun, hreyfanleika og stafrænni samþættingu.



**Norðurlönd eiga  
að verða  
sjálfbærasta og  
samþættasta  
svæði heims**

## Græn Norðurlönd

Saman ætlum við að greiða fyrir grænum umskiptum í samfélögum okkar og vinna að kolefnishlutleysi og sjálfbæru hringrásarhagkerfi og lífhagkerfi.

## Félagslega sjálfbær Norðurlönd

Saman ætlum við að efla samfelld svæði án aðgreiningar þar sem jafnrétti ríkir og sem byggist á sameiginlegum gildum og enn öflugri menningarsamskiptum og velferð.

# 2. Inngangur

## 2.1 Almennt um samstarf á sviði dómsmála

Samstarfið er byggt á meginreglum Helsingforssamningsins og framtíðarsýn forsætisráðherranna um norrænt samstarf.

Við dómsmálasamstarfið njóta forgangs mál sem hafa norrænt notagildi. Þetta felur í sér að áhersla er lögð á sameiginlegar eða sambærilegar norrænar aðgerðir og lausnir, svo sem rannsóknir, sem skila betri árangri en hliðstæðar aðgerðir í hverju landi um sig. Áhersla er einnig lögð á aukna samkeppnishæfni Norðurlanda og bætt tengsl og samskipti landanna.

Í samstarfinu er sérstök áhersla lögð á grundvallarforsendur þess að viðhalda lýðræði, trausti og samheldni á Norðurlöndum.

Glæpir virða ekki landamæri, hvorki í raunheimum né á netinu. Brotastarfsemi sem teygir anga sína yfir landamæri er sameiginlegt úrlausnarefni norrænu landanna. Aukið norrænt lögreglusamstarf til að hindra og berjast gegn slíkri brotastarfsemi er því forgangsmál í norrænu samstarfi á sviði dómsmála.

Öfgahyggja og ofbeldisfullt ofstæki er einnig úrlausnarefni fyrir norrænu löndin í sameiningu og getur verið ógn við lýðræði og samstöðu á Norðurlöndum. Löndin vinna saman að því á sviði dómsmála að skapa aukna þekkingu til að geta barist gegn og hindrað þetta.

Stafvæðing getur bætt aðgengi og aukið skilvirkni innan opinberrar stjórnáslu og dómstólanna. Þessi þróun er ekki síst mikilvæg séu þær takmarkanir sem innleiddar voru í norrænu löndunum í kórónuveirufaraldrinum hafðar í huga. Stafvæðing hins opinbera er þó ekki vandalaus með hliðsjón af réttaröryggi einstaklinga og fyrirtækja. Mikilvægt er að norrænu löndin miðli sín á milli þekkingu á þessu sviði ásamt því að horfa til landa utan Norðurlanda, svo sem Eystrasaltsríkjanna.

Mismunandi löggjöf norrænu landanna sem snertir fjölskyldur og atvinnulíf hefur áhrif á frjálsa för innan Norðurlanda. Viðleitnin á dómsmálasviðinu til að samræma löggjöf á Norðurlöndum, m.a. í tengslum við innleiðingu lagagerða ESB/EES, hefur mikið að segja um afnám stjórnásluhindrana.

Enn fremur leggur samstarfið á sviði dómsmála sitt af mörkum til þess að efla starf gegn mismunun og standa vörð um grundvallarréttindi, þar á meðal jafnrétti kynjanna, réttindi barna og ungmenna, réttindi fatlaðs fólks með og LGBTQI+ fólks.

## 2.2 Samstarfssvið

Dómsmálasviðið hefur með höndum samstarf um málefni sem víðast hvar á Norðurlöndum heyra undir dómsmálaráðuneytin.

Á dómsmálasviði er unnið að málefnum opinbers réttar eðlis, svo sem á sviði refsiréttar og réttarfars, dómstólakerfisins, forvarna gegn afbrotum og hryðjuverkum, verndar brotápolá og lögreglusamstarfs auk álitamála um hælísveitingu, innflutning fólks, mismunun, grundvallarréttindi og mannréttindi. Nefna má fleiri svið opinbers réttar sem samstarfið um dómsmál tekur til svo sem stjórnsýslurétt, upplýsingarétt almennings og löggjöfina um vernd persónuupplýsinga.

Á dómsmálasviði er einnig unnið að málefnum einkaréttarlegs eðlis svo sem á sviði sífjaréttar, fjármuna- og samningaréttar og neytendaréttar.

## 2.3 Gildistími samstarfsáætlunarinnar

Norræna ráðherranefndin um dómsmál samþykkti þessa samstarfsáætlun hinn 10. janúar 2019 en gildistími hennar var í fyrstu 2019–2022. Gildistímínn var svo framlengdur í 2023–2024. Eftir 2024 verður samstarfsáætlunin byggð á framkvæmdaáætlun um Framtíðarsýn okkar 2030 fyrir Norrænu ráðherranefndina sem mun gílda eftir 2024.

# 3. Áherslusvið

Í samstarfi á dómsmálasviði er áhersla lögð á þrjú stefnumarkandi áherslusvið: „Að tryggja réttaröryggi“, „Samræmi réttarframkvæmdar á Norðurlöndum og norrænt notagildi“ og „Forvarnir gegn glæpum“. Innan ramma þessara áherslusviða stuðlar dómsmálasviðið að uppfyllingu áherslusviðanna „Samkeppnishæf Norðurlönd“ og „Félagslega sjálfbær Norðurlönd“ sem eru hluti af Framtíðarsýn okkar 2030 fyrir Norrænu ráðherranefndina.

## 3.1 Samkeppnishæf Norðurlönd

### 3.1.1 Samræmi réttarframkvæmdar og norrænt notagildi

Vinna dómsmálasviðsins í þágu samræmingar réttarframkvæmdar á Norðurlöndum og norræns notagildis stuðlar að því að viðhalda frjálsri för og vinna gegn og komast hjá því að til verði stjórnarsýsluhindranir vegna mismunandi löggjafar landanna. Þessi vinna fellur undir markmið 7 í framkvæmdaáætluninni um Framtíðarsýn okkar 2030.

Helsingforssamningurinn miðar að innbyrðis samræmingu á sviði dómsmála. Í því felst ekki endilega að löggjöfin verði að vera nákvæmlega eins. Einsleitni norrænnar réttarframkvæmdar felst einnig í því að samhæfa skipulag og sameiginlegar réttarreglur í lögunum. Þörfin á samstarfi um dómsmál, umfang þess og eðli er mismunandi eftir réttarsviðum.

Í Helsingforssamningnum er kveðið á um samstarf á sviði dómsmála með svofelldum hætti:

#### **4. gr.**

*Samningsaðilar skulu halda áfram löggjafarsamstarfi í því skyni að ná sem mestu samræmi á sviði einkamálaréttar.*

#### **5. gr.**

*Samningsaðilum ber að leitast við að samræma reglur um afbrot og lögfylgjur þeirra. Hafi afbrot verið framið í einhverju Norðurlandanna ber að keppa að því að rannsókn, málshöfðun og dómur geti einnig farið fram, svo sem framast er unnt, í einhverju hinna.*

Mikilvægt markmið dómsmálasamstarfsins er að löggjöf landanna og aðrar reglur séu að efni og formi aðgengilegar almenningi og enn fremur að einstaklingar og fyrirtæki geti fært sig um set innan Norðurlanda án óþarfa stjórnarsýsluhindrana. Sú skylda hvílir á löndunum að forðast sem kostur er að ný löggjöf leiði til nýrra



stjórnsýsluhindrana. Svo að dæmi sé tekið ber alveg sérstaklega að leita eftir samræmingu á innleiðingu ESB/EES-reglna og annarra alþjóðlegra skuldbindinga í þeim tilgangi að girða fyrir tilurð nýrra stjórnsýsluhindrana.

Þegar við á ber löndunum að haga lagasmíð þannig að upplýsinga sé aflað um sambærilega löggjöf annars staðar á Norðurlöndum og henni gerð skil í greinargerð með lagafrumvarpinu en þannig eykst þekking á norrænum lögum sem er forsenda einsleitni á réttarsviði.

## 3.2 Félagslega sjálfbær Norðurlönd

### 3.2.1 Að tryggja réttaröryggi

Norrænu samstarfi á dómsmálasviði er ætlað að tryggja lýðræðislega ákvarðanatöku í löndunum og standa vörð um réttaröryggi einstaklinga og fyrirtækja. Með því má viðhalda trausti, samheldni og sameiginlegum gildum á Norðurlöndum. Þessi vinna fellur undir markmið 12 í framkvæmdaáætlun um Framtíðarsýn okkar 2030.

Innan ramma þessara stefnumarkandi áherslusviða leggur dómsmálasviðið áherslu á að standa vörð um réttaröryggi einstaklinga og fyrirtækja, m.a. í tengslum við stafvæðingu hins opinbera.

Á tímabilinu 2021–2024 stendur dómsmálasviðið að þverlægu verkefni í samstarfi við ráðherranefndina MR-Digital þar sem réttaröryggi einstaklinga og fyrirtækja á Norðurlöndum verður kannað með tilliti til stafvæðingar hins opinbera.

### 3.2.2 Forvarnir gegn glæpum

Glæpir og hryðjuverk skapa óöryggi og óeiningu í samfélaginu. Vinna dómsmálasviðsins að forvörnum gegn glæpum er því mikilvægur liður í norrænu starfi við að efla traust, samheldni og sameiginleg gildi á Norðurlöndum sem fjallað er um í markmiði 12 í framkvæmdaáætlun um Framtíðarsýn okkar 2030.

Norrænu löndin standa að miklu leyti andspænis sömu áskorunum á sviði forvarna gegn afbrotum og hryðjuverkjum sem eru ósjaldan þess eðlis að snerta fleiri lönd en eitt. Sama á við um varnir gegn mansali, kynferðisbrotum á netinu og öðrum kynferðisglæpum.

Náið norrænt samstarf hefur því mikla þýðingu fyrir bolmagn landanna til að takast á við þessar áskoranir í framtíðinni.

Er meðal annars um að ræða norrænt lögreglusamstarf en einnig miðlun þekkingar um laganýmæli og fjármögnun rannsókna um málefni samstarfssviðsins.

Samstarfið á að bæta tengsl og samskipti norrænu landanna og stuðla að því að efla hæfni þeirra á viðkomandi sviðum. Nefna má marga ára baráttu sviðsins gegn kynferðisofbeldi gegn börnum sem raunhæft dæmi um þetta.

### **3.2.3 Samræmi réttarframkvæmdar og norrænt notagildi**

Vinna dómsmálasviðs í þágu samræmingar réttarframkvæmdar á Norðurlöndum og norræns notagildi, eins og lýst er í lið 3.1, stuðlar einnig að því að skapa félagslega sjálfbær Norðurlönd og uppfylla markmið 12 í framkvæmdaáætlun um Framtíðarsýn okkar 2030, m.a. á sviði sifjaréttar.

# 4. Samstarf um mál tengd ESB/EES og við aðra alþjóðlega aðila

## 4.1 Samstarf um mál tengd ESB/EES

Í dómsmálasamstarfinu er lagt mat á áhrif ESB/EES-gerða eins snemma og unnt er í ákvarðanaferli ESB. Embættismannanefndin fer yfir helstu ESB/EES-gerðirnar eftir þörfum og metur hvort þörf sé á umræðu á norrænum vettvangi vegna undirbúnings gerðar eða innleiðingar hennar í löggjöf landanna.

Við innleiðingu ESB/EES-gerða ber að nýta tækifærin sem gefast til að bera saman reynslu og spara vinnu, með því til dæmis að ráðast í sameiginlegar athuganir. Halda ber áfram óformlegu samstarfi embættismanna og stjórnvalda og þróa það frekar.

Ekki ber nauðsyn til að velja sömu lausnir við lagasmíð alls staðar á Norðurlöndum en það skiptir máli að eining ríki um skilning og túlkun á þeim sameiginlegu reglum landanna sem um er að ræða.

## 4.2 Annað alþjóðlegt samstarf

Norrænt dómsmálasamstarf felst meðal annars í því að auka norræn samskipti, umræðu og enn fremur samhæfingu eftir því sem þörf krefur milli embættismanna sem og stjórnmalamanna vegna alþjóðlegra samningaviðræðna, til dæmis á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðsins.

Í norrænu samstarfi á sviði dómsmála er einnig unnið saman í tengslum við tilnefningu fulltrúa hjá alþjóðastofnunum þegar norrænu löndin geta ekki öll átt þar fulltrúa samtímis.

# 5. Fyrirkomulag samstarfsins

## 5.1 Ráðherranefnd dómsmálaráðherra og embættismannanefndin

Dómsmálaráðherrarnir (MR-JUST) bera meginábyrgð á samstarfinu. Á árlegum fundi sínum fjalla ráðherrarnir um pólitísk mál sem eru ofarlega á baugi og varða hagsmuni Norðurlanda með það fyrir augum að innleiða norrænt samstarf á nýjum réttarsviðum eða leita sameiginlegra norrænna lausna.

Norræna embættismannanefndin um dómsmálasamstarf (EK-JUST) er skipuð háttsettum embættismönnum sem fara með dóms- og löggjafarmál í dómsmálaráðuneytum á Norðurlöndum. Nefndin undirbýr árlega fundi ráðherranna og fylgir þeim eftir. Nefndin á enn fremur frumkvæði að nýjum verkefnum. Á embættismannanefndarfundum skiptast löndin á upplýsingum um nýja löggjöf, réttarvenjur og önnur lögfræðileg málefni sem eru ofarlega á baugi.

Dómsmálaráðherrarnir eða embættismannanefndin geta þá tekið ákvörðun um að skipa fasta eða tímabundna vinnuhópa á tilteknum sviðum.

Embættismannanefndin veitir slíkum vinnuhópum umboð og ákveður hugsanlega fjárveitingu til þeirra.

Embættismannanefndin hefur jafnframt samstarf við aðrar embættismannanefndir Norrænu ráðherranefndarinnar.

## 5.2 Formennska

Verðandi formenskuland kynnr, eigi síðar en á þriðja fundi embættismannanefndarinnar árið áður en formenskutímabilið hefst, bráðabirgðaáætlanir sínar um aðgerðir og frumkvæði á sviði dómsmála á formenskutímabilinu í því skyni að efna til umræðna um þær í embættismannanefndinni.

Verðandi formenskuland kynnr um leið áformuð verkefni, námsstefnur, úttektir og þess háttar auk fjárhagsramma þar að lútandi.

## 5.3 Fjárhagsáætlun

Á fyrsta fundi ársins í embættismannanefndinni er fjárhagsáætlun næsta almanaksárs rædd, þar á meðal markmið með þeim aðgerðum sem óskað er eftir

að settar verði í forgang.

Embættismannanefndinni ber að ljúka umfjöllun sinni um fjárhagsáætlunina í tæka tíð þannig að niðurstaðan berist framkvæmdastjóra Norrænu ráðherranefndarinnar áður en hafin er vinna að tillögum um heildarfjárhagsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar.

## 5.4 Ráðstöfun verkefnastyrkja

Dómsmálaráðherrunum eða embættismannanefnd þeirra er heimilt innan árlegs fjárhagsramma að styrkja ráðstefnur, námstefnur, rannsóknir o.fl. sem þykja mikilvæg fyrir dómsmálasviðið.

Embættismannanefndin fer eftir gildandi reglum um ráðstöfun fjármuna til verkefna af fjárhagsáætlun ráðherranefndarinnar.

Eftir skil umsókna er heimilt að styrkja verkefni utanaðkomandi aðila að því tilskildu að kröfum um „norrænt notagildi“ sé fullnægt.

Til viðbótar við þetta hefur embættismannanefndin ákveðið að taka frá fé fyrir starfsemi innan ramma kringum samstarfið við Eistland, Lettland og Litáen, sjá lið 5.6.

Ákvæði í almennum skilmálum verkefnasamninga Norrænu ráðherranefndarinnar gilda um ráðstöfun framlaga til verkefna á sviði dómsmálasamstarfsins.

Skýrslugjöf um niðurstöður og árangur verkefna fer eftir skipulagi ráðherranefndarinnar um stöðuskýrslur. Enn fremur eru þeir sem þiggja styrki af sviðinu til verkefna og annarrar starfsemi beðnir um að skila stuttri frásögn um niðurstöður og árangur af starfi þeirra.

Að því marki sem við á eru niðurstöðurnar lagðar fyrir dómsmálaráðherrana á árlegum fundi þeirra.

## 5.5 Samráð við Norðurlandaráð

Norrænu dómsmálaráðherrarnir leitast eftir samráði við Norðurlandaráð um sameiginleg málefni, meðal annars við undirbúning og endurskoðun á samstarfsáætluninni.

## 5.6 Samstarf við Eystrasaltsríkin

Norrænu dómsmálaráðherrarnir eiga að minnsta kosti annað hvert ár fund með dómsmálaráðherrum Eistlands, Lettlands og Litáens. Samráðshópur embættismanna (Nordic Baltic Contact Group) hefur verið skipaður sem heldur fundi eftir því sem þörf krefur, en að lágmarki einu sinni á ári, og hefur sitt eigið

starfsumboð. Formennskan flyst milli landa en skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar annast skrifstofustörfin.

Samstarfið byggist á þeim skilningi að náið svæðasamstarf sé mikilvægt í ESB og gagnvart þriðju löndum.

## 5.7 Annað dómsmálasamstarf á Norðurlöndum

Þrjú starfshópar norrænna embættismanna starfa á samstarfssviðinu um dómsmál, einn að sifjaréttarlegum málefnum annar að refsiréttarlegum málefnum og sá þriðji að málefnum mansals.

Starfshóparnir geta sótt um framlög frá EK-JUST til að halda fundi og þeir gefa skýrslur um fundina þegar við á.

Auk norræns samstarfs í Norrænu ráðherranefndinni fer reglulega fram hagnýtt samstarf á öðrum vettvangi dómsmálasviðsins.

## 5.8 Samþætting stefnumiða

Norræna ráðherranefndin hefur ákveðið að samþætta jafnréttissjónarmið, tillit til réttinda barna og ungmenna og sjálfbærni miðmið allri starfsemi sinni. Af því leiðir meðal annars að hafa ber þessi atriði til hliðsjónar við mat á umsóknum um verkefnastyrki.

### 5.8.1 Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna fyrir árið 2030 og sjálfbærni miðmið

Að því marki sem við á og það skapar virðisauka leitast sviðið eftir að öll verkefni og frumkvöðlastarf sem það styrkir miði að því að náð verði einhverju af Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna fyrir árið 2030, þar með talið 16. markmiðinu um frið, réttlæti og skilvirkar stofnanir þar sem öllum er tryggður jafn aðgangur að réttarkerfinu.

### 5.8.2 Jafnréttissjónarmið

Á mörgum þeirra málefnasviða sem dómsmálasvið leggur áherslu á innan ramma samstarfsáætlunarinnar eru jafnréttissjónarmið skýr. Nefna má dæmi um vinnu sviðsins í tengslum við baráttu gegn kynferðisbrotum og mansali. Þá eru jafnréttissjónarmið einnig mikilvægur þáttur í sifjaréttarlegum málefnum sem undir sviðið heyrar.

### 5.8.3 Réttindi barna og ungmenna

Tillit til réttinda barna og ungmenna tengist bæði málefnum sem hafa með baráttu gegn brotastarfsemi og forvarnir gegn glæpum að gera, svo sem kynferðisofbeldi á

netinu. Jafnframt er það hluti af sífjaréttarlegum málefnum þar sem tillit til þarfa barnsins skiptir höfuðmáli.

## 6. Mat á samstarfsáætluninni

Meta á reynsluna af samstarfsáætluninni í síðasta lagi 2024 og með tilliti til framkvæmdaáætlunar vegna Framtíðarsýnar okkar 2030 eftir 2024.



# Um ritið

## Norræn samstarfsáætlun á sviði dómsmála 2023-2024

PolitikNord 2023:704

ISBN 978-92-893-7489-7 PDF

ISBN 978-92-893-7490-3 ONLINE

<http://dx.doi.org/10.6027/politiknord-704>

© Norræna ráðherranefndin 2023

Útgefið 6.03.2023

Umbrot: Louise Jeppesen

Mynd: Unsplash.com

## Norrænt samstarf

Norræna samstarfið er eitt umfangsmesta svæðissamstarf í heimi. Samstarfið byggist á legu landanna, sameiginlegri sögu þeirra og menningu. Að samstarfinu koma Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð auk Álandseyja, Færeyja og Grænlands.

Norræna samstarfið er pólitískt, efnahagslegt og menningarlegt og lætur muna um sig í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi. Löndin stuðla sameiginlega að öflugum Norðurlöndum í öflugri Evrópu.

Með norrænu samstarfi er hagsmuna svæðisins gætt og norræn gildi eflid í hnattrænu samhengi. Sameiginleg gildi landanna styrkja stöðu Norðurlanda og skipa þeim meðal þeirra svæða í heiminum þar sem nýsköpun og samkeppnishæfni er mest.

Norræna ráðherranefndin

Nordens Hus

Ved Stranden 18

DK-1061 Kaupmannahöfn

[www.norden.org](http://www.norden.org)

Lesi fleiri norræn rit: [www.norden.org/is/utgafur](http://www.norden.org/is/utgafur)